

106. STJÓRNARFUNDUR KRAFT

26. NÓVEMBER 2019 KL 17:00



Mættir: Gry Ek – Formaður
Alex Cambray Orrason - gjaldkeri
Inga María Henningsdóttir – ritari
Aron Friðrik Georgsson - meðstjórnandi
Guðbrandur Sigurðsson – meðstjórnandi
Auðunn Jónsson – íþróttastjóri

Fjarverandi: Þórunn Lilja Vilbergsdóttir – varaformaður

Dagskrá: 1. Fundargerð síðasta fundar.
2. HM og EM
3. Landsliðsval 2020
4. ASJ – Uppgjör og umsókn
5. Þing 2020
6. Kraftlyftingafólk ársins 2019
7. Önnur mál.

1. Fundargerð seinasta fundar:

Fundargerð seinasta fundar var samþykkt.

2. HM og EM:

Auðunn flutti skýrslu frá HM. Góður andi var í hópnum og uppúr stendur árangur Júlíans J K Jóhannsonar sem vann bronsverðlaun og setti heimsmet í réttstöðulyftu í +120kg flokki. Stjórnin fagnar velgengi hans og Sóleyjar M Jónsdóttur á mótinu og hvetur Viktor og Huldu til dáða með ósk um betri árangur næst. Eitthvað fór úrskeiðis í hótél bókun fyrir seinustu nóttina og ræðir Gry við Láru um það mál.

Gry sat fund NPF og ársþing IPF í Dubai og sagði stuttlega frá því. Gaston var endurkjörin forseti og okkar Sigurjón var endurkjörinn varaforseti IPF til næstu fjögurra ára.

Framundan er EM í klassíksum þar sem Arna Ösp Gunnarsdóttir, Birgit Rós Becker, Friðbjörn Bragi Hlynsson, Ingví Örn Friðriksson og Halldór Jens Vilhjálmsson munu fara fyrir hönd Íslands og óskar stjórnin þeim góðs gengis. Auðunn athugar hjá Láru hvort allt sé ekki bókað.

Guðbrandur mætir.

3. Landsliðsval 2020:

Valið liggur fyrir og verður birt á næstu dögum eins og reglur seigja til um. Ákveðið var að funda með landsliðsmönnum í byrjun janúar og undirrita saminga. Gry skipuleggur og birtir fundinn.

Aron ætlar að skoða yfir lágmörk.

Samþykkt var eftirfarandi bréf sem verður birt á kraft.is og sent á öll félög með Vestur Evrópu keppni.

Vestur- Evrópu keppnin mun fara fram á Íslandi í september 2020 og hefur stjórn tekið undir tillögu landsliðsnefndar um að fjölmenna á það mót og manna full lið.

C- lágmörk gilda venjulega á mótin og allir sem hafa náð þeim og að öðru leyti uppfylla skilyrði hafa keppnisrétt á mótið.

Landsliðsnefnd mun leggja lágmörkin til hliðar og bjóða fleirum þáttöku og verður þá tekið mið af árangri manna á ÍM í mars og ÍM í klassískum í apríl. Þeir sem hafa áhuga á að vera með í september ættu þess vegna að setja markið fyrst á Íslandsmeistaramótin í vor, en valið fer fram að þeim lokum. Stefnan er að gera góða hluti á WEC 2020!

4. ASJ- Skilgreining, uppgjör og umsókn 2020.

Farið var yfir skilgreiningu sambandsins 2019 til ASJ og samþykkt. Gry sendir til ASJ. Meðað við núverandi fjárhagsstöðu sambandsins samþykkir stjórn tvær tillögur frá Alex um auka greiðslur til landsliðsmanna. Aron og Alex sátu hjá við afgreiðslu málsins. Alex mun sjá um framkvæmd.

Skil á uppgjöri 2019 er í höndum Alex og mun Alex og Magnús mæla sér mót í næstu viku og vinna í því.

Æfingabúðir og Þjálfaranámskeið munu tefjast þangað til á næsta ári. Auðunn og Gry fara yfir aðgeðraáætlun fyrir æfingabúðir með afreksfólkinu okkar.

Farið var yfir umsókn ASJ 2020 og áherslumál rædd. Umsókin verður áfram unnin í tölvupósti. Alex með málið

5. Þing 2020:

Stefnt er á að halda 10. ársþing sambandsins þann 29. febrúar nk í Reykjavík.

Uppstillinganefnd skipa Aron Friðrik, Guðbrandur og Þórunn.

Gry kemur með tillögu að kjósa Sigurjón Pétursson fyrsta Heiðursformanni KRAFT, stjórn samþykkir. Gry upplýsir ÍSÍ um málið.

6. Kraftlyftingafólk 2019:

Stjórnin ákvað að kraftlyftingafólk 2019 eru þau Sóley Margrét Jónsdóttir og Júlían J K Jóhannson. Lára tekur saman afrek þeirra og sendir til ÍSÍ þegar þar að kemur.

7. Önnur mál:

Tímabundin samningur við íþróttastjóra framlengdur.

Afreksbúðir ÍSÍ fóru fram um helgina og fóru fjórir flottir krakkar frá okkur ásamt Láru og segir hún að þetta hafi verið flottur dagur í alla staði og voru krakkarnir okkur til mikils sóma.

Dómstóll ÍSÍ hefur upplýst mál 10-2019, kæra Þorbergs Guðmundssonar á hendur KRAFT hefur verið vísað frá dómi.

Samþykkt var að láta útbúa veggspjald til dreifingar í tilefni af afrekum Júlíans. Auðunn mun sjá það.

Fundi slitið 18:40.
Ritari- Inga María Henningsdóttir